

Patreksfjörður 11.6.2026

Ágæta Bæjarráð Vesturbyggðar

Undirrituð skrifar hér erindi til Vesturbyggðar fyrir hönd fólks sem hefur sundað sjósund í allnokkurn tíma.

Við förum á Þúfneyrinna 5 til 7 daga í viku flestar virkur á meðan það er fært og förum í sjóinn. Aðstæður til sjósunds á þessum stað eru ágætar en við höfum verið innst á eyrinni næst Raknadalshlíðinni.

Á þessum stað er lítil bekkur sem félagar úr sjósundinu smíðuðu og getum við lagt frá okkur fötin þar. En við höfum ekkert skjól fyrir rigningu, vindi eða forvitnum ferðalöngumsem fara eftir Raknadalshlíðinni.

Við höfum kynnt okkur nýsamþykkt deiliskipulag fyrir eyrinna og er það metnaðarfullt en við gerum okkur líka grein fyrir að það kemur ekki til framkvæmda strax í dag og okkur vantar skjól strax.

Meðfylgjandi er grunnteikning á skjóli sem við viljum gjarnan fá að reisa á Þúfneyrinni. Hermann Guðjónsson smiður er tilbúin til að vinna verkið en þá vantar fjármagn fyrir efniskostnaði.

Undirrituð hefur rætt við Elfar Stein byggingafulltrúa, Geir Gestsson sviðsstjóra umhverfis og framkvæmdasviðs og Gerði Sveinsdóttur bæjarstjóra og allsstaðar hefur þessu erindi okkar verið vel tekið .

Við leitum nú til ykkar með þessu erindi um að Vesturbyggð greiði efniskostnaðinn við gerð þessa skýlis og við fáum leyfi til að byggja það í samráði við Vesturbyggð um staðsetningu og þ.h.

Ef frekari upplýsinga er óskað, vinsamlega hafið samband við undirritaða.

Virðingarfyllst

f.h. sjósundklúbbsins

Arnheiður Jónsdóttir